

Fundargerð.

**Opinn fundur um sameiningu Hamraskóla og niðurskurð á grunnþjónustu í Hamrahverfi fimmtudagurinn 26. janúar 2012.**

Boðaðir á fundinn:

Dagur B. Eggertsson, Oddný Sturludóttir ásamt öðrum borgarfulltrúum, Ragnar Þorsteinsson og Soffía Pálsdóttir.

Fundarstjóri, Elísabet Gísladóttir, formaður íbúasamtaka Grafarvogs.

Fundarritari, Jón V. Gíslason, íbúasamtökum Grafarvogs.

---

Fundarstóri, Elísabet setur fundinn kl. 19:35 og lýsir yfir vonbrigðum með að boðaðir aðilar séu ekki mættir.

Bent er á að erindi, spurningar og fundargerð þessa fundar verði sett inn á vef íbúasamtaka Grafarvogs [www.ibuasamtok.com](http://www.ibuasamtok.com)

Gengið til boðaðar dagskrár.

- **Fyrst tekur til máls Marta Gunnarsdóttir, foreldri barna í Hamraskóla og íbúi í Hamrahverfi.**

Efni: „Kynning og tilurð samvinnu foreldra til að mótmæla sameiningunni þ.e. eftir fundinn í Foldaskóla 13. des.“

(sjá erindi Mörtu í heild hér á eftir).

- **Næstur tekur til máls Bjarki Sigfússon, foreldri barna í Hamraskóla og íbúi í Hamrahverfi**

Efni: „Rekur sögu fundahalda í Grafarvogi varðandi breytingar á skólum hverfisins.“

(sjá erindi Bjarka í heild hér á eftir).

- **Næst taka til máls Árni Guðmundsson, foreldri barna í Hamraskóla og íbúi í Hamrahverfi og Sigurður Kr. Björnsson, foreldri barns í Hamraskóla og íbúi í Hamrahverfi.**

Spurningar varðandi skólastarf – faglegi þátturinn, Félagsleg rök,

Hverfamál og samgöngur, Aðrar spurningar og rök – **Glæsur**

(sjá erindi Árna og Sigurðar í heild hér á eftir).

- **Næstur tekur til máls Leó Már Jóhannsson, foreldri og fjallar um málefni sérdeildar fyrir börn með einhverfu í Hamraskóla.**

Efni: „Rekur sögu sérdeildar, uppbyggingu, starf, árangur og framtíð“

(sjá erindi Leós í heild hér á eftir).

**Mælendaskrá opnuð og fundarstóri býður fundargestum að tjá sig um málefni fundarins.**

- **Elín Hjálmsdóttir**, formaður Foreldrafélags Hamraskóla, biður um orðið.

Efni: „Elín rekur vinnu sína sem fulltrúi í stýrihóp um málefni Hamraskóla“  
(sjá erindi Elínar í heild hér á eftir).

- Fundarstjóri fjallar um boðaðan fund um sama efni n.k. miðvikudag, þá fund boðaðan af þeim sem boðaðir voru á þennan fund. Elísabet hvetur foreldra og íbúa til að mæta og taka virkan þátt í fundinum.
- Hjörtur Stefánsson íbúi og foreldri í Staðarhverfi hvetur íbúa Hamrahverfis til dáða og varar við samskiptum við boðaða fundargesti þ.e. borgarfulltrúa.
- Marta Kristín Hreiðarsdóttir foreldri barna í Hamraskóla benti á að þessi sameining væri þriðja sameiningin í hverfinu á síðasta ári, leikskólar sameinaðir, frístundaheimili sameinuð og nú unglिंगadeildir Hamraskóla.
- Kristjana benti á að frístundaheimili hafi ekki verið sameinuð heldur flutt á sama stað og skapaði oft samskiptaflækjur milli notenda heimilanna og þeirra sem þar vinna.
- Fundarstjóri boðaði Árna Guðmundsson til lesturs á drögum að ályktun fundarins er varðaði mætingu boðaðra gesta.

(sjá ályktun í heild hér á eftir).

Ályktun samþykkt og engin á móti.

- Fundarstjóri boðaði því næst Bjarka Sigfússon til lesturs á drögum að ályktun fundarins varðandi boðaða sameiningu unglिंगadeilda Hamraskóla.

(sjá ályktun í heild hér á eftir).

Ályktun samþykkt og engin á móti.

**Elísabet, fundarstjóri þakkaði að lokum þeim sem staði höfðu fyrir fundinum og hvatti foreldra og íbúa til að skrá sig á lista þeirra sem gætu lagt málefni foreldra og barna í Hamrahverfi lið. Um leið og bent var á mikilvægi þess að mæta á boðaðan fund á miðvikudag.**

Fundi slitið kl. 20:45

fundarritari, Jón V. Gíslason